

**Málsmeðferðartillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Framsóknarflokksins og Pírata varðandi starfsemi Klettaskóla, Guluhlíðar, Heklu og Öskju:**

Lagt er til að vísa skýrslu sem kynnt var á fundi skóla- og frístundaráðs 3. október s.l. um greiningu á starfsemi Klettaskóla, Guluhlíðar, Heklu og Öskju til sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs til nánari kynningar fyrir hagaðilum Klettaskóla, Guluhlíðar, Heklu, Öskju, skólaráði og foreldrafélagi, starfsfólki, sérfræðingum Norðurmiðstöðvar og hagsmunasamtökum foreldra s.s. Þroskahjálp. Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs skipi verkefnishóp sem vinnur í framhaldinu tillögur um framtíðarskipan skóla- og frístundastarfs Klettaskóla, Guluhlíðar, Heklu og Öskju sem lagðar verði fyrir skóla- og frístundaráð.